

Fundargerð 164. fundar Fræðslunefndar Flóahrepps

Fundarstaður: Þingborg

Fundardagur: Þriðjudagurinn 24. feb 2025

Fundartími: Flóaskóli 16:40 – 17:40

Sameiginlegt 17:40 – 17:50

Krakkaborg 17:50 – 18:30

Fundarmenn: Bjarni Stefánsson, formaður

Margrét Drífa Guðmundsdóttir, aðalmaður

Axel Páll Einarsson, ritari

Hjalti Guðmundsson, aðalmaður

Þórunn Jónasdóttir, skólastjóri Flóaskóla

Hafðís Gígja Björndóttir, fulltrúi kennara Flóaskóla

Bryndís Óskarsdóttir, fulltrúi foreldra

Sara Guðjónsdóttir, leikskólastjóri Krakkaborgar

Helga Rut Hallgrímsdóttir, fulltrúi foreldra Krakkaborgar.

Krakkaborg

1. Fréttir af skólastarfinu. Leikskólastjóri sendi okkur og fór yfir fréttir.

„Það er alltaf nóg um að vera hjá okkur í Krakkaborg, í lok janúar kom Jón Pétur með danskennslu sem endaði með glæsilegri sýningu hjá nemendum Krummadeildar. Við fengum Lúlla Löggubangsa í heimsókn og lærðum umferðarreglurnar og hvernig maður á að haga sér í umferðinni. Við fengum hana Kristjönu frá Sögustund.is en hún sagði okkur tvær nýjar sögur með leikrænum hætti og sló svona líka vel í gegn. Að venju þá kom Dána Gestsdóttir til okkar og kenndi elstu nemendunum skyndihjálpi og gekk það án venju vel. Þann 6. febrúar síðast liðinn var opið hús hjá okkur og var það vel sótt af aðstandendum nemenda leikskólans og við þökkum öllum fyrir komuna.“

Leikskólastjóri auglýsti eftir starfsmanni bæði í dagskránni, á fréttaveitum facebook og inni á Alfred.is en það voru ekki margar umsóknir sem skiluðu sér í þetta skiptið en þó voru tvær sem komu í viðtal og var sú hæfari ráðin. Viðkomandi starfsmaður mun hefja störf í byrjun apríl.

Starfsmanna samtöl eru á næsta leiti hjá leiksskólastjóra en í þeim samtölum fær starfsmaður tækifæri á segja frá sinni stöðu innan leiksskólans, meta eigin styrkleika sem og veikleika í starfi. Í samvinnu reyna leiksskólastjóri og starfsmaður að finna flöt á því að efla starfsmann enn frekar í starfi.

2. Skóladagatal fyrstu drög. Skóladagatal kynnt fyrir Fræðslunefnd og verður kynnt fyrir foreldraráði þegar samræming við grunnskólann hefur átt sér stað, en það verður mjög fljótlega. Hjóladagur verður í haust eftir 23ja daga sumarfrí leiksskólans,

3. Skólapúls. Foreldrar taka þátt í skólapúlsi þetta skiptið og er um 88% svörun sem þykir bara mjög gott. Niðurstöður liggja ekki fyrir og verða kynntar síðar.

4. Málstefna Flóahrepps. Drög að málstefnu Flóahrepps er skoðuð með skólastjórnendum og sköpuðust umræður um drögin sem við hefðum viljað fá betrubætt. Undirrituð setning þykir ansi „skipandi“ og hefði nefndin viljað lagfæra. „*Birta skal valin gögn á öðrum tungumálum, einkum ensku, til að auka aðgengi og þjónustu við íbúa eða gesti.*“ Flest erum við sammála um að flestir vilja verða sjálfbjarga á Íslensku með tímanum og þetta hjálpi ekki til við það.

5. Önnur mál. Leiksskólastjóri er að fara hitta Brynjar umsjónarmann fasteigna með smá umræður um eldhúsmál og hugmyndir fyrir viðhald í sumar, en allt á léttu nótunum.

Þennan lið sátu. Bjarni Stefánsson, formaður
Margrét Drífa Guðmundsdóttir, aðalmaður
Axel Páll Einarsson, ritari
Hjalti Guðmundsson, aðalmaður

Sara Guðjónsdóttir, leiksskólastjóri Krakkaborgar
Helga Rut Hallgrímsdóttir, fulltrúi foreldra Krakkaborgar

Sameiginlegt

6. Sameiginleg mál. Fulltrúi í nefndinni tók eftir því að fundargerðir Fræðslunefndar hafa ekki skilað sér á heimasíðu Flóahrepps og finnst ritara nefndarinnar það alveg sérstaklega miður, enda ekki í höndum nefndarinnar að koma fundargerðum á netið.

Þennan lið sátu: Bjarni Stefánsson, formaður
Margrét Drífa Guðmundsdóttir, aðalmaður
Axel Páll Einarsson, ritari
Hjalti Guðmundsson, aðalmaður

Þórunn Jónasdóttir, skólastjóri Flóaskóla
Hafðís Gígja Björnsdóttir, fulltrúi kennara Flóaskóla
Bryndís Óskarsdóttir, fulltrúi foreldra
Jóhanna Margrét Eðvaldsdóttir, deildarstjóri

Sara Guðjónsdóttir, leiksskólastjóri Krakkaborgar
Helga Rut Hallgrímsdóttir, fulltrúi foreldra Krakkaborgar

Flóaskóli

7. Fréttir af skólastarfinu. Skólastjóri kom með smá fréttu pistil til okkar í Fræðslunefnd og hljóðar hann svo;

Íþróttakennsla hófst aftur í Þingborg í byrjun febrúar eftir að hafa farið fram í Félagslundi það sem af er skólaári.

Nemendur í 5 bekk ásamt Eyjólf Eyjólfssyni vinna nú af kappi að langspilasmíðum. Þetta er sjöundi veturinn sem langspilsverkefnið er unnið í Flóaskóla. Langspilsvaka verður síðan haldin í maí, þar taka þátt nemendur í 5. og 6. bekk.

Jón Pétur danskennari var með námskeið í Flóaskóla um mánaðarmótin. Danskennslunni lauk með sýningu fyrir foreldra og forráðamenn.

Nemenda- og foreldraviðtöl voru 11. febrúar.

Nemendur í 7. bekk fóru í skólabúðirnar að Reykjum í Hrútafirði ásamt nemendum úr samstarfsskólunum okkar í Uppsveitum Árnessýslu.

Öskudagurinn var haldinn hátíðlegur líkt og undanfarin ár, óhefðbundin dagskrá er í skólanum þann dag, kötturinn sleginn úr tunninni og annað öskudagsfjör í boði.

Núna er svo vetrarleyfi í tvo daga.

Framundan á vorönn eru svo leikæfingar og leiksýningar á öllum stigum skólans. Elsta stig skólans ríður á vaðið, það hefur þegar hafið æfingaferli og áætlað er að þeirra verk verði sýnt 10. mars. og Miðstig tekur svo við, þeirra sýning er á dagskrá rétt fyrir páska. Yngsta stigið verður svo með sýningu í apríl.

Matsferilspróf verða lögð fyrir á tímabilinu 2.-27.mars. Lögð verða fyrir próf í 4.-10. bekk, bæði lesskilnings og stærðfræðipróf. Prófunum verður dreift þar sem einungis örfáar stofur eru þannig búnar netgæðum að hægt sé að láta reyna á netpróf í þeim. Vonandi gengur það eftir. Við miðum við að ekki fleiri en 20-25 nemendur þreyti próf á sama tíma og vonum að það gangi upp.

Miðstigskór Hvolsskóla kom í heimsókn til okkar og kórarnir æfðu saman. Síðan er fyrirhugað að okkar kór fari í heimsókn í Hvolsskóla eftir páska. Miðvikudag 15. apríl verða kórarnir svo með sameiginlega tónleika í Skálholtskirkju.

Undankeppni USSS er framundan, 8 nemendur eru í þessu vali með 10 atriði og á undankeppninni verður fulltrúi Flóaskóla valinn til að taka þátt í úrslitakeppni USSS sem fram fer á Flúðum 20. mars.

8. Skóladagatal fyrstu drög. Tímabilið 20.ágúst til 10.júní eða þar um bil 180 skóladagar, fyrstu drög af því dagatali kynnt fyrir Fræðslunefnd, umræðan er bara rétt byrjuð en verður samræming eins og kostur er við aðra skóla á Suðurlandi.

9. Skólapúls. Frestað til næsta fundar.

10. Málstefna Flóahrepps. Eina athugasemdin sem skólinn hefur er þessi setning í 6.lið. „*Mæta skal þörfum allra barna fyrir málörvun á þeirra forsendum með tilliti til getu og þroska*“

Til að uppfylla þetta þyrfti að huga að því að fylgi því eyrnamerkur peningur eða aukið starfshlutfall talmeinafræðinga.

11. Samstarf Flóaskóla og framhaldsskólanna / námsráðgjöf.

Flóaskóli á í reglulegu samstarfi við FSu (Fjölbrautarskóla Suðurlands) og ML (Menntaskólan á Laugarvatni).

Í báðum skólum er opið hús þar sem foreldrar/forráðamenn og nemendur 10.bekkjar eru boðnir velkomnir. Boðið er upp á stuttar kynningar á starfi skólanna og svo fær fólk tækifæri til að ganga um skólana og skoða húsakynnin.

Námsráðgjafi er í samvinnu við kennara elsta stigs um fræðslu fyrir nemendur um framhaldsnám og val á framhaldsskóla.

Annað hvert ár fara nemendur í 9. og 10. bekk á Íslandsmót iðn- og verkgreina og framhaldsskólakynningu sem haldið er í Laugardalshöll. Mótið er haldið í samvinnu við mennta-og barnamálaráðuneytið, sveitarfélög og fagfélög iðn- og starfsgreina. Þar gefst tækifæri til að skoða námsleiðir framhaldsskólana, kynnast iðngreinum, spjalla við nemendur skólanna og jafnvel prófa handtökin sjálf.

12. Skólaheilsugæsla. Skólahjúkrunarfræðingur Flóaskóla er Sigríður Einarsdóttir, hjúkrunarfræðingur á Heilbrigðisstofnun Suðurlands. Hjúkrunarfræðingur hefur fasta viðveru í Flóaskóla fyrir hádegi á mánudögum og föstudögum auk þess sem hún situr fundi nemendaverndarráðs einu sinni í mánuði. Ef tilefni er til situr skólahjúkrunarfræðingur í teyrum einstakra nemenda.

13. Önnur mál. Fræðslunefnd fagnar því að umræðan um lélegan skólabíl hafi verið tekin upp hjá sveitarstjórn og brugðist við hratt og vel.

Annars voru engin önnur mál bara umræður daginn og veginn, mjólkurvél, ofn í mótuneyti, foreldraviðtöl og bara dagleg störf í skólanum okkar góða.

Þennan lið sátu: Bjarni Stefánsson, formaður
Margrét Drífa Guðmundsdóttir, aðalmaður
Axel Páll Einarsson, ritari
Hjalti Guðmundsson, aðalmaður

Þórunn Jónasdóttir, skólastjóri Flóaskóla
Hafðís Gígja Björnsdóttir, fulltrúi kennara Flóaskóla
Bryndís Óskarsdóttir, fulltrúi foreldra